

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarmiðstöð Þingeyinga.

1. gr.

Menningarmiðstöð Þingeyinga er sjálfseignarstofnun. Stofnaðilar eru: Langanesbyggð, kt. 420369-1749, Norðurþing, kt. 640169-5599, Skútustaðahreppur, kt. 600269-1009, Tjörneshreppur, kt. 650269-5789, Svalbarðshreppur, kt. 640269-1979 og Þingeyjarsveit, kt. 590602-2640.

Rekstur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga lýtur ákvæðum safnalaga og þjóðminjalaga, laga um Þjóðskjalasafn Íslands og reglugerðar um héraðsskjalasöfn. Einnig laga varðandi náttúrugripa- og listasöfn er snerta starfsemi stofnunarinnar, allt eftir því sem við á, svo fremi að brjóti ekki í bága við ákvæði laga nr. 19/1988. Safnið starfar samkvæmt siðareglum ICOM.

Með stofnskrá þessari rennur hrein eign Safnahúsins á Húsavík og Byggðasafns N-Þingeyinga, kr. 3.829.481, - krónur þrjár milljónir átta hundruð tuttugu og níu þúsund fjögur hundruð áttatíu og ein 00/100 - skv. efnahagsreikningi 31. desember 2006, til sjálfseignarstofnunarinnar og verður stofnfé hennar þann 1. janúar 2007.

2. gr.

Lögheimili Menningarmiðstöðvar Þingeyinga er að Stóragarði 17, 640 Húsavík. Starfssvæði nær til þeirra sveitarfélaga sem verða aðilar að starfseminni og leggja til rekstrarfé.

3. gr.

Hlutverk Menningarmiðstöðvar Þingeyinga er að:

- Safna, skrásetja, varðveita, forverja og kynna muni, myndir, skjöl og listaverk er flokkast undir hin mismunandi söfn og varpað geta ljósi á umhverfi, líf, störf og sköpun fólks í héraðinu og hafa menningarsögulegt gildi fyrir svæðið. Starfsemi skal þannig hagað að hún uppfylli tilskilin ákvæði í safna- og þjóðminjalögum frá 2001 svo og ákvæði reglugerðar um héraðsskjalasöfn frá 1994.
- Stuðla að varðveislu og rannsóknum á menningarminjum svæðisins.
- Leitast við að efla vitund fólks um sérkenni og menningararf svæðisins og halda þeim sérkennum við með fræðslu og kynningu.
- Stuðla að og efla hvers konar menningarstarfsemi í héraðinu, í samvinnu við menntamálaráðuneytið.
- Styðja og styrkja aðra safna- og sýningastarfsemi í héraðinu með fagþekkingu og öðru því sem Menningarmiðstöð Þingeyinga hefur yfir að ráða hverju sinni.

4. gr.

Menningarmiðstöð Þingeyinga annast:

- Byggðasafn Þingeyinga – deildaskipt:
 1. Byggðasafn Suður-Þingeyinga, Safnahúsinu á Húsavík – sögusýningar, rannsóknir, skráningar, fornleifarannsóknir, húsakönnun o.fl.
 2. Byggðasafn Suður-Þingeyinga, Safnahúsinu á Húsavík – sjóminjasafn.
 3. Byggðasafn Suður-Þingeyinga, Grenjaðarstað – (sumarsýning).
 4. Byggðasafn Norður-Þingeyinga, Snartarstöðum – (sumarsýning).
- Héraðsskjalasafn Þingeyinga.
- Ljósmyndasafn Þingeyinga – ljósmyndasýningar.
- Náttúrugripasafn Þingeyinga.
- Myndlistarsafn Þingeyinga – listsýningar.
- Útgáfa, viðburðir o.fl.
 - a) Árbók Þingeyinga og önnur útgáfa (Safni, kort, póstkort og fleira).
 - b) Fyrirlestra- og fræðslufundir.
 - c) Tónleikar, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra.

- d) Þátttaka í menningarstarfsemi á starfssvæðinu þar sem það á við.
- e) Þjónusta við aðila í menningartengdri ferðaþjónustu, einkasöfn og -sýningar.

5. gr.

Fulltrúaráð Menningarmiðstöðvar Þingeyinga er héraðsnefnd Þingeyinga.

Fulltrúaráðið kýs stofnuninni stjórn sem skal skipuð sjö aðalmönnum og sjö varamönnum.

Héraðsnefnd Þingeyinga skipar formann stjórnar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Þrír aðrir stjórnarmenn skulu kosnir úr röðum nefndarmanna í héraðsnefnd Þingeyinga en aðra þrjá kýs fulltrúaráð sem ekki eiga sæti þar. Varamenn skulu kjörnir í sömu hlutföllum.

Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár og er hið sama og sveitarstjórna og skal kosið til stjórnar á fyrsta fundi héraðsnefndar Þingeyinga að afloknum kosningum til sveitarstjórna. Stjórnarfundir skulu haldnir eins oft og þurfa þykir, en minnst vera 2 á ári, þ.e. aðalfundur, sem skal halda fyrir 1. maí, og haustfundur.

Reikningar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin ræður. Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir héraðsnefnd Þingeyinga, eigi síðar en 15. október ár hvert. Skipting framlaga frá stofnaðilum til rekstrar og framkvæmda hverju sinni, skal vera eftir höfðatölu.

Fjárhagsáætlunin skal send sveitarstjórnnum ásamt fjárhagsáætlun héraðsnefndar og vera hluti hennar og afgreiðast í samræmi við samþykktir héraðsnefndar.

6. gr.

Stjórn ræður forstöðumann, sem að öllu jöfnu skal hafa menntun á sviði menningarsögu og reynslu af safnstörfum. Starfssvið forstöðumanns skal skilgreint í skriflegum starfssamningi. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun hverju sinni.

7. gr.

Stjórn skal setja starfsáætlun fyrir hvert ár og sjá um að afla starfseminni tekna. Aðilar að Menningarmiðstöð Þingeyinga skuldbinda sig til þess með stofnskrá þessari að tryggja starfseminni fastar rekstrartekjur í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun hverju sinni.

Aðrar fastar tekjur eru framlög ríkisins vegna héraðsskjalasafns. Þá aflar stofnunin sér einnig tekna með aðgangseyri, sölu á þjónustu og á annan hátt, s.s. með framlögum frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum. Hugsanlegur arður af rekstri stofnunarinnar rennur óskoraður til hennar sjálfar.

Ef til þess kemur að leggja eigi stofnunina niður, skuldbinda sveitarfélögin, sem að Menningarmiðstöð Þingeyinga standa, sig til að koma safngripum og skráningu í viðunandi geymslu. Lausafjármunir stofnunarinnar, ef einhverjir verða, fylgi þá safngripum stofnunarinnar til varðveislu þeirra.

8. gr.

Aðalfundur skal halda fyrir 1. maí ár hvert. Til aðalfundar skal boða fulltrúaráð. Hver fulltrúaráðsmaður fer með eitt atkvæði. Einnig skal boða sveitarstjórnarmenn á starfssvæðinu til aðalfundar. Stjórn Menningarmiðstöðvar Þingeyinga boðar til aðalfundar með 7 daga fyrirvara og er hann lögmætur ef a.m.k. helmingur fulltrúaráðs situr hann.

9. gr.

Á aðalfundi skulu afgreidd eftirtalin málefni:

- Skýrsla stjórnar.
- Endurskoðaðir reikningar bornir upp til samþykktar.
- Kynnt áætlun um tekjur og gjöld yfirstandandi árs.
- Tillögur að starfsáætlun næsta árs kynntar og bornar upp til samþykktar.
- Tillögur að breytingum á viðaukum við stofnskrá sjálfeignarstofnunarinnar svo og stofnskrám og stefnu hinna mismunandi safna.

10. gr.

Breytingar á stofnskrá Menningarmiðstöðvar Þingeyinga eru háðar samþykki stjórnar og fulltrúaráðs.

Tillögur skulu sendar stjórn minnst 20 dögum fyrir aðalfund og skal tillagna getið við fundarboðun. Til að breyta stofnskrá Menningarmiðstöðvar Þingeyinga þarf samþykki $\frac{3}{4}$ hluta þeirra fulltrúa er fundinn sitja.

11. gr.

Stofnframlög og önnur framlög til sjálfseignarstofnunarinnar eru ekki endurkræf.

12. gr.

Stofnskrá þessi tekur gildi þegar hún hefur verið undirrituð af fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem gerast stofnaðilar að Menningarmiðstöð Þingeyinga. Tillaga að viðaukum skal tekin fyrir á aðalfundi til afgreiðslu.

13. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Stofnskrá þessa staðfesta fulltrúar stofnaðila með undirritun sinni. Við samþykkt þessarar stofnskrár falla úr gildi fyrri samþykktir varðandi söfn á vegum héraðsnefndar Þingeyinga.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 24. nóvember 2010.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.